

Sveitarfélagið Hornafjörður
b/t Gunnlaugur Róbörtsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði

Reykjavík, 27. nóvember 2019
UST201910-256/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag - Hitaveita í Sveitarféluginu Hornafirði

Vísað er til erindis skipulagsstjóra í Sveitarféluginu Hornafirði er barst 23. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir hitaveitu í Hornafirði.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnuninnin veittir umsögn dags. 28. september 2018 til Skipulagsstofnunar um hvort og á hvaða forsendum stofnæð frá Hoffelli að Höfn skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Í greinargerð kemur fram að deiliskipulagið nær til um 29 ha landspildu í landi Hoffells og Miðfells í Nesjum, þar sem afmarkað er vinnslusvæði, lagnaleið, lóðir og byggingarreitir auk aðkomuvegir. Tillagan gerir ráð fyrir allt 245 m² stjórnihúsi og dæluhúsi, miðlunartanki sem er allt að 10 m í þvermál og allt að 40 m² borholuhús yfir hverja vinnsluholu.

Auk þess kemur fram að gerð er grein fyrir 2 ha iðnaðarsvæðis vegna dæluhúss (allt að 160 m²) sem reist verður við stofnlögn hitaveitu í landi Stapa í Nesjum. Einnig er gerð grein fyrir lagningu stofnlagnar hitaveitu frá Hoffellssvæðinu inn að núverandi kyndistöð í Höfn.

Sérstök vernd

Í greinargerð í kafla 3.3.2. um náttúruminjar kemur fram að minna má á að skv. 61 gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 nýtur votlendi yfir 2 ha sérstakrar verndar.

Auk þess kemur fram að gerð verður ítarlegri grein fyrir stofnlögn hitaveitu þegar sótt veður um framkvæmdaleyfi og hvar sú lögn fer um skipulögð deiliskipulagssvæði.

Umhverfisstofnun bendir á að stöðuvötn og tjarnar sem eru stærri en 1.000 m² falla einnig undir 61. gr. náttúruverndarlaga, en gert er ráð fyrir að stofnlögnin liggi meðfram þeim.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra

náttúrufyrirbæra sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ er lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirkni. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að vega saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga um náttúruvernd auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr.

Ákveði leyfisveitanda að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr., rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr., að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er að unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýmun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögunum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímaþvernd vatnsauðlindarinnar. Lögin taka til yfirborðsvatns og grunnvatns ásamt árósavatni og strandsjó, til vistkerfa þeirra og til vistkerfa sem tengjast þeim að vatnabúskap. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun. Áætlað er að vatnaáætlun fyrir Ísland fari í almenna kynningu árið 2021 og taki gildi árið 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun.

Fyrirhugað áhrifasvæði stofnlagnarinnar er lónið og áreyrar þess, þveita og þær ár sem lögnum þverar. Lónið hefur vatnshlotsnúmerið 103-1340-C Lón að Dyrhóley undir stjórn vatnamála, Bergá 103-1039-R, þveita 103-1989-L, Hoffellsá 2 (Grjótá og Hoffellsá). Samkvæmt markmiðum laganna og reglugerðarinnar skulu vatnshlot vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu ástandi. Unnið er að því að skilgreina gæðaþætti og koma á kerfi

til að meta ástand vatnshlota. Í vatnaáætlun munu verða sett umhverfismarkmið fyrir vatnshlotin sem miða að því að halda vatnsgæðum góðum.

Bakkagróður

Þar sem stofnlögnin þverar nokkrar ár bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 62. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að við vatnsnýtingu og framkvæmdir í eða við vötn skal leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn og haga mannvirkjum og framkvæmdum þannig að sem minnst röskun verði á bökkum og næsta umhverfi vatnsins.


Frágangur

Þar sem svæðið sem tillagan nær til er tiltölulega óraskað með vistgerðir með hátt verndargildi, leggur Umhverfisstofnun það til að rask á svæðinu verði í lágmarki og við framkvæmdir verði gróðurtorfur lagðar til hliðar þegar það á við og þeim komið fyrir á yfirborði í lok frágangs til að draga úr neikvæðum áhrifum á gróður. Stofnunin bendir á að greinargóðar leiðbeiningar um frágang raskaðra svæða má finna inni á vefsíðunni www.namur.is.

Virðingarfallst



Axel Benediktsson
sérfræðingur



Björn Stefansson
sérfræðingur